



VOPNAFJÖRÐUR 2014

Lokaskýrsla flugslysaæfingar



1	Efnisyfirlit	
2	Inngangur	3
3	Markmið	5
4	Undirbúningur	6
5	Framkvæmd.....	7
5.1	Handrit æfingarinnar og sviðsmynd	8
5.2	Veður	8
6	Rýni.....	9
6.1	Æfingastjóri.....	9
6.2	Vettvangsstjórn	10
6.2.1	Vettvangsstjóri.....	10
6.2.2	Fulltrúi Björgunarsveitarinnar Vopna í Vettvangsstjórn.....	11
6.2.3	Lögreglan	12
6.2.4	Björgunarstjóri.....	12
6.2.5	Aðhlyningarstjóri	13
6.2.6	Gæslustjóri.....	14
6.2.7	Flutningsstjóri	14
6.2.8	Björgunarsveitir	15
6.2.9	Rauðikrossinn	15
6.3	Ráðgjafar	17
6.3.1	Ráðgjafi Vettvangsstjóra.....	17
6.3.2	Ráðgjafi björgunarstjóra	17
6.3.3	Ráðgjafi aðhlyning og fjöldahjálp	19
6.3.4	Ráðgjafi flutningsstjóra.....	21
6.3.5	Ráðgjafi gæslustjóra	23
6.3.6	Ráðgjafi vettvangsstjórnar.....	23
6.3.7	Leikarar og förðun	23
6.4	Rýnifundur	25
6.4.1	Vettvangsstjóri.....	25
6.4.2	Björgunarstjóri.....	26
6.4.3	Aðhlyningarstjóri	26
6.4.4	Gæslustjóri.....	26
6.4.5	Flugvallarþjónusta	26
6.4.6	Flutningsstjóri	26
6.4.7	Ráðgjafi aðhlyningarstjóra.....	27

6.4.8	Ráðgjafi leikara	27
6.4.9	Ráðgjafi flutningsstjóra.....	27
6.4.10	Kvikmyndahópur	27
6.4.11	Slökkviliðstjóri Brunavarna Fljótsdalshéraðs.....	27
6.4.12	AVD	27
6.4.13	Hjúkrunarfræðingur.....	27
6.5	Samantekt lærdóms flugslysáæfingarinnar.....	27



Ljósmynd: Vopni



Ljósmynd: Vopni

2 Inngangur

Þetta er svokölluð lokaskýrsla flugslysaæfingarinnar sem haldin var 10.maí 2014 á Vopnafjarðarflugvelli. Slíkar skýrslur eru gerðar í lok hvernar æfingar og þær eru sendar forsvarsmönnum viðbragðseininga ásamt mynddiski þar sem við söfnum saman því myndefni sem við komumst yfir og varðar æfinguna. Einnig eru þessar skýrslur sendar rafrænt til viðbragðseininga og einnig á netið (www.isavia.is) og væntanlega á facebook í nánustu framtíð.

Í lok hvernar æfingar er haldinn rýnifundur þar sem talsmaður hvernar viðbragðseiningar og fleiri skýra frá því sem var þeirra upplifun á æfingunni. Bæði það sem vel fór og miður í undirbúningi hennar svo og hvað vel fór og miður við framkvæmt æfingarinnar. Við biðjum síðan sömu aðila að taka saman þessa punkta og setja á ákveðið form sem síðan fer í lokaskýrslu. Þetta eru lærdómsatriði æfingarinnar sem alls ekki mega fara forgörðum. Æfing ein og sér er góð og öllum er nauðsynlegt að æfa ætli þeir að ná færni í því sem þeir eru að gera. En í ljósi þess að flugslysaæfingar eru haldnar á fjögurra ára fresti er ljóst að nauðsynlegt er að æfingarnar leiði til þess að það sé notað til lærdóms sem vel hefur reynst og ekki síður að það sé lagað sem miður hefur tekist.

Fyrir alla þá sem tóku þátt í æfingunni. Og ekki síður þá sem ekki tóku þátt og þá sem hefja störf í einhverri viðbragðseiningu á milli æfinga. Allir munu njóta afrakstursins ef að skýrslan leiðir til að einstaklingar og einingar læri af æfingunni og framkvæmi bætur til þess að ná betri árangri.

Daganna 8-10.maí 2014 var haldin á Vopnafjarðarflugvelli flugslysaæfingin „Vopnafjörður 2014“.

Æfingin var liður í því skipulagi Isavia að halda eina viðamikla flugslysaæfingu á hverjum áætlunarflugvelli ekki sjaldnar en á fjögurra ára fresti.

Þessi æfing er í röð margra æfinga sem haldnar hafa verið undanfarin ár á öllum áætlunarflugvöllum landsins.

Heildarskipulag hvernar æfingar byggist á viðbragðsáætlun sem Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra í samvinnu við Isavia, gefur út fyrir hvern flugvöll.

Samhliða æfingunum er því annaðhvort unnið að gerð nýrrar flugslysaáætlunar fyrir viðkomandi flugvöll eða þá að sú sem fyrir er tekin til endurskoðunar, bæði fyrir æfinguna svo og er hún yfirfarin í ljósi reynslunnar af æfingunni og lagfærð eftir því.

Þessi endurskoðun kemur líka viðbragðsaðilum hvers staðar til góða þar sem menn rýna í sinn þátt í áætluninni og gefst bæði tækifæri til að hafa áhrif á áætlunina sjálfa svo og einnig að aðlaga starf sitt og skipulag að henni eða breytingum sem á henni kunna að vera gerðar.

Venjulega er mikið lagt undir þegar æfingar eru haldnar.

Viðbragðsaðilar hvers staðar rýna í innra skipulag sitt og búnað og leitast við að bæta hvorutveggja eftir þörfum. Oft er farið út í meiri og minni fjárfestingar í hlutun sem menn telja vanta til þess að eining þeirra geti staðið undir væntingum.

Það er því ljóst að oft er mikið er lagt undir bæði með mikilli vinnu svo og útlögðum kostnaði. Síðast en ekki síst er mikil framlegð sjálfbærliða, en án þeirra yrði víða harla lítið úr flugslysæfingum, nyti þeirra ekki við.

Leitast er við að hafa skýrslu þessa sem einfaldasta og auðlesna.

Útgáfa hennar hefur eitt aðalmarkmið:

Að draga fram hvað vel fór í viðkomandi æfingu og undirbúningi hennar svo viðbragðsaðilar viti hvað þeir gerðu rétt og læri af því...

Að draga fram hvað betur hefði mátt fara í viðkomandi æfingu og undirbúningi hennar svo viðbragðsaðilar geti dregið lærdóm af því og bætt úr.

Bjarni Sighvatsson. Æfingastjóri



Mynd 1 Störf á vettvangi. Mynd Karna Sigurðardóttir og Sebastian Ziegler

3 Markmið

Markmið æfingarinnar er að gera viðbragðseiningar hæfari til þess að bregðast við hópslysi. Með því að læra af nýliðinni æfingu. Með því að þú farir yfir lærdómspunkta þessar einingar og bætir út því sem miður fór. Með því fara yfir lærdómspunkta hinna viðbragðsaðilana og sjá hvort um sameiginleg vandamál hefur verið að ræða sem bæta mætti úr. Með því að yfirfara flugslysaáætlunina, bæði í kafla 8 þar sem verkefnum þessar viðbragðseiningar er lýst og skoða einnig aðra kafla þar sem farið er yfir verksvið, samvinnu og fjarskipti og koma hugmyndum um úrbætur áfram. Tilgangurinn með útgáfunni er sá að gera viðbragðsaðilum kleyft að hafa yfirsýn yfir þau atriði sem bæta þarf til þess að geta þeirra til viðbragðs verði betri.



Mynd 2. Störf á Söfnunarsvæði slasaðra. Mynd: Karna Sigurðardóttir og Sepastian Ziegler

4 Undirbúningur

Að undirbúningi æfingarinnar og að sjálfri æfingunni kom að venju hópur manna, svokallaður ráðgjafahópur.

Hópur þessi samanstendur af sérfræðingum úr hinum ýmsu starfstéttum og tengist starf hvers ráðgjafa samsvarandi starfseiningu viðkomandi æfingarsvæðis.

Ráðgjafahópurinn fundar og skipuleggur frumvinnu við undirbúning æfingarinnar og í framhaldi af því er farið á viðkomandi stað og haldnar kynningar og kennslunámskeið í samvinnu eða annað að óskum heimamanna.



Mynd 3. Slökkvistörf á vettvangi. Mynd: Gunnlaugur Höskuldsson

5 Framkvæmd



Mynd 4. Í upphafi æfingar. Mynd Friðfinnur Fr. Guðmundsson

Æfingin í heild var með hefðbundnum hætti. Ráðgjafar mættu á fimmtudegi og dagskráin hófst með upprifjun/fræðslu fyrir vettvangsstjóra ásamt verkþáttastjórum. Setning æfingarinnar var síðan um kvöldið. Það var farið yfir ýmsan fróðleik er varðar flugslys, fjarskipti og endað á kennslu í bráðaflokkun.

Á föstudeginum síðdegis var haldin skrifborðsæfing þar sem vettvangsstjórn og verkþáttastjórar æfðu sig í stjórnun. Þetta er skrifborðsæfing í bókstaflegri merkingu og hefur þann tilgang að æfa fjarskipti og samskipti hinna ýmsu stjórnenda í tilbúnu „slysi“ á borði. Þannig vinna verkþáttastjórar við „slysstaðinn“, skipuleggja björgunarstörf og stjórna aðgerðum í samvinnu við vettvangsstjórn sem var staðsett á öðrum stað en hún var einnig í samskiptum við aðgerðastjórn sem stödd var í sinni stjórnstöð. Þannig var reynt að líkja eftir því stjórnkerfi sem notað er á æfingum og í raunveruleikanum. Á þessari æfingu var „flugslysið“ æft í tvö og hálf skipti. Það er, að þegar komið var nokkuð inn í fyrstu æfinguna þá var henni slitið og hafið frá byrjun að nýju. Þegar fyrsta heila rennslinu lauk hófst nýtt rennsli og var það klárað. Sjá mátti mikinn mun milli rennsla og ljóst að máltækið „æfingin skapar meistarann“ er rétt. Þessar æfingar hafa heilmikið gildi daginn fyrir alvöruæfinguna og taka dálítið „hrollinn“ úr stjórnendum fyrir alvöruna sem bíður daginn eftir.

Á föstudagskvöldið var svo haldinn stöðufundur þar sem stjórnendur fóru yfir sína málaflokka, farið var yfir praktísk atriði varðandi æfinguna og frekari fræðsla í kjölfarið.

Æfingin sjálf hófst rétt fyrir ellefu. Klukkan tólf þrjátíu voru allir sjúklingar á vettvangi komnir í hús, þrír sem voru alllangt utan vettvangs fundnir og allir verið fluttir af söfnunarsvæði slasaðra (SSS). Stefnt var að því að nota daginn eins vel og hægt er. Áður fyrr byrjuðu æfingar um eða uppúr hádegi og rýnifundur haldinn á sunnudag. Nú var ákveðið að klára hvorutveggja á einum degi. Margir þeir sem komu að æfingunni mættu á fimmtu- og föstudags fundina og margir þátttakenda eru sjálfboðaliðar. Við lítum því þannig á að okkur beri skylda til þess að nýta tímann vel og sjálfboðaliðar vilja að sjálfsögðu hafa sitt frí. Ekki er vafi á að þetta fyrirkomulag er mun heppilegra.

Að æfingu lokinni framreiddu slysavarnarkonur súpu ofan í mannskapinn í félagsheimilinu Miklagarði. Rýnifundur var síðan haldin í beinu framhaldi af súpunni. Dagskrá rýnifundar er þannig að stjórnendur/verkþáttastjórar fara yfir þann málaflokk sem þeir stjórnðu á æfingunni og töldu þar upp það sem þeir töldu vel hafa tekist til og einnig það sem betur hefði mátt fara. Að framsögu þeirra lokinni er orðið laust og þar geta allir fundarmenn tjáð sig um hvað sem þeim liggur á hjarta og snýr að æfingunni.

Jörundur Ragnarsson, umdæmisstjóri Isavia á Austurlandi sleit síðan æfingunni þegar klukkan var 15:10.

5.1 Handrit æfingarinnar og sviðsmynd

Erlend leiguflugvél af gerðinni Beechcraft 1900C missir mótur í aðflugi að Vopnafjarðar-flugvelli. Vélin nær brautarenda en tæplega þó. Hún brotnar í nokkra hluta og eldar koma upp í hluta af brakinu. Áætlað er að um borð séu í kring um 15 farþegar og áhöfn.

Slysavettvangurinn var hafður rétt utan brautar við norðausturenda flugbrautar. Hann var hefðbundin, nokkur bíflök fyllt af dekkjum sem slökkviverkefni og bíflak haft sem klippuverkefni fyrir slökkvilið. Síðan var þolendum dreift á jörðina nærri og einstaka hafður lengra frá megin slysstaðnum.

5.2 Veður

Daganna fyrir æfingu hafði veðurstofan spáð norðaustanátt með snjókomu eða slyddu að morgni æfingardags. En sem betur fer rætist ekki úr spánni. Að vísu var nokkuð kaldur vindstrengur inn fjörðinn en alveg úrkomulaust og má því segja að æfingin hafi sloppið fyrir horn veðurfarslega. Vond veður spilla fyrir flugslysæfingum og góð veður gera þær betri.



Mynd 5. Klippivinna á vettvangi. Mynd: Karna Sigurðardóttir og Sebastian Ziegler

6 Rýni

6.1 Æfingastjóri



Mynd 6. Ráðgjafar og myndatökufólk fylgist með. Mynd: Friðfinnur Fr. Guðmundsson

slökkvistarfi í upphafi æfingarinnar. Vinnubrögð voru yfirveguð, menn einbeittu sér að bjarga þeim sem auðvelt var að ná til eða finna og létu leit bíða. Rennsli æfingarinnar var gott. Fyrstu sjúklingar komu fljótt á söfnunarsvæði í flugstöð og komu nokkuð jafnt og stöðugt út æfinguna. Vettvangsstjórn kaus að vera í flugturni í því rými sem stjórnandi hans notar að jafnaði. Þannig fengu þeir betra útsýni yfir svæðið. Á móti kom að þar var þröngt og vinnuaðstaða takmörkuð. Líklegra væri betra að dreifa vettvangsstjórn milli tveggja hæða turnsins.

Söfnunarsvæði slasaðra (SSS).

Uppsetning söfnunarsvæðis gekk hnökralaust og var í höndum starfskonu á vellinum auk Rauðakross fólks. Greining og ummönnum gekk mjög vel. Björgunarsveitarmaður sá um aðhlyningarstjórn, læknir um greiningu og Rauðakross fólk um umönnum sjúklinga ásamt björgunarsveitarfólki. Söfnunarsvæðið var mjög undirmannað af heilbrigðisfólki.

Heilbrigðisfólk

Samkvæmt samstarfssamningi sem undirritaður hefur verið þá er flugslysaæfing haldin á almannavarnarstigi. Það þýðir að allir skráðir viðbragðsaðilar á svæðinu skulu taka þátt í æfing sem þessari. Það á meðal er Heilbrigðisstofnun Austurlands. Frá síðustu æfingu þá hefur henni verið skipt upp og þar starfar nú aðeins einn læknir og hjúkrunarfræðingur. Annað heilbrigðisstarfsfólk vinnur nú við öldrunarstofnun staðarins. Eins og áður hefur komið fram var aðeins einn læknir á söfnunarsvæði og heilbrigðisfólk taldi að þeim hafi ekki verið skapaðar aðstæður til þess að geta tekið þátt í æfingunni. Hafa verður í huga að hér er ekki aðeins um flugslysaæfingu að ræða. Þetta er æfing á almannavarnarplani. Þessir sömu viðbragðshópar yrðu kallaðir til ef um til dæmis um stórt rútuslys yrði að ræða, jarðskjálfta, stórbruni, snjóflóð eða hverja aðra óáran sem hent getur. Það er því hverju bæjarfélagi nauðsynlegt að viðbragðsaðilar æfi saman viðbrögð við meiriháttar uppákomu og að viðbragðsaðilum sé gert það kleift.

Landhelgisgæsla

Eins og á flestum undanförunum æfingum þá sendi Landhelgisgæslan þyrlu til þess að taka þátt í æfingunni. Þeir voru með seinni skipunum á æfinguna en náðu þó að fljúga með leitarmenn til leitar að þeim sjúklingum sem voru utan megin svæðis, björgunarmenn fengu æfingar í hífingum og seinustu sjúklingarnir voru fluttir á „sjúkrahús“ flugleiðis.

Fjarskipti

Fjarskiptin gengu vel. Farið hafði verið yfir hve miklu máli skipti að fólk hugsaði áður en það talaði þannig að setningar yrðu stuttar og markvissar og einnig að ekki væri verið að tilkynna hluti sem hefðu ekkert æfingalegt gildi. Einnig hafði skrifborðsæfingin farið fram með notkun Tetra þar sem allir stjórnendur notuðu fjarskipti til samskipta. Þetta leiddi allt til agaðri fjarskipta og minna álags.

Leikarar

Leikar voru alls fjórtán og ein brúða. Flestir voru þeir á unglingsaldri. Segja má að leikararnir séu í langerfiðasta hlutverkinu á flugslysaæfingum. Þeir mæta til förðunar snemma morguns, bíða svo lengi eftir því að æfingartíminn renni upp og mega svo liggja á jörðinni eða láta troða sér inn á bíl og dvelja þar þangað til þeim er bjargað. Þetta eru töff krakkar og ber að þakka þeim sérstaklega þeirra þátt í æfingunni.

Rauði krossinn

Rauði krossinn lagði höfuðáherslu á að þjálfa sitt fólk á vettvangi þar sem þeir eru nokkuð vanir að reka hjálparstöðvar. Þeir sáu um umsjón græna svæðisins og aðstoðuðu við greiningu og vinnu á slyssa. Álagið á græna svæðinu var minna en á öðrum æfingum og var það vegna þess að æfingastjórn ákvað að hafa fleiri alvarlega áverka til þess að auka álagið á björgunar- og heilbrigðisfólk vegna þess að það leit út fyrir það að heildarverkefnið yrði ekki nógu krefjandi annars. Kraftar Rauðakross fólks í æfingunni nýttust mjög vel og ljóst að mjög heppilegt er að leggja höfuðáherslu á að senda sem allra flest Rauða kross fólk á vettvang að minnsta kosti í fyrri hluta aðgerða.

Flugslysaáætlunin

Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra hafði að vanda gengið frá nýrri útgáfu flugslysaáætlunar fyrir æfinguna. Nú eftir æfinguna þurfa allir viðbragðsaðilar að lesa hana yfir og sjá hvort eitthvað hafi lærst á æfingunni sem krefst lagfæringar eða breytingar á henni í ljósi reynslunnar.

Niðurstaða.

Fólk kom vel innstillt á æfinguna. Þetta var góð æfing og vel leyst af ykkur sem þátt tóku. Fyrir okkur ráðgjafanna er alltaf skemmtilegt að vinna þar sem áhugi er fyrir hendi. Ráðgjafarnir þakka ánægjuleg viðkyrni og samstarf og skemmtilega æfingu.

Bestu kveðjur.

Bjarni Sighvatsson-Isavia-æfingarstjóri.

6.2 Vettvangsstjórn

Vettvangsstjórn var staðsett í turni í flugstöð. Vettvangsstjórn sem heild skilar ekki rýniskýrslu.

6.2.1 Vettvangsstjóri

Vettvangsstjóri hefur ekki skilað inn skýrslu en punktar frá vettvangsstjóra komu fram á rýnifundi sjá kafla 6.4

6.2.2 Fulltrúi Björgunarsveitarinnar Vopna í Vettvangsstjórn.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Björgunarsveitin Vopni Vettvangsstjórn.	Jón Sigurðarson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Lögreglan, Björgunarsveitin Vopni, Slökkvilið Vopnafjarðar

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Flugturn

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur gekk vel.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Það gekk ágætlega að leysa þau verkefni sem vettvangsstjórn fékk í hendurnar, fjarskipti gengu vonum frammar við verkþáttastjóra og ég er ekki sammála því að talað hefði verið of mikið inn á vinnurásinni.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Heilt yfir fannst mér undirbúningur og æfing ganga vel, Verkþáttastjórar stóðu sig vel, það gekk vel að hlúa að sjúklingum og búa þá undir flutning. Áhöfn þyrlunnar stóðu sig líka vel, góð og snurðulaus samskipti, tilbúnir í þau verkefni sem vettvangsstjórn bað þá um að leysa og gerðu það vel.

Fjarskipti gengu vel á milli verkþáttastjóra og vettvangsstjórnar og fin samskipti við aðgerðarstjórn.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Æfingin gekk vel, ekki mjög kalt og engin rigning.

6.2.3 Lögreglan

Rýnipunktur bárust ekki frá lögreglu, vísað er að öðru leiti í rýnifundargerð kafla 6.4

6.2.4 Björgunarstjóri

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Björgunarstjóri og aðstoðarmaður	Hlynur Sigurgeirsson Hreiðar Geirsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Slökkvilið, sjúkraflutningamenn og björgunarsveit.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Á vettvangi

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Það hefði mátt taka inni skrifborðsæfingu hugsanlega leit að þolendum og skipulagningu á henni.

Boð frá neyðarlínu bárust seint.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Hefðum mátt skipuleggja og hefja leit fyrr þar sem vantaði 3 þolendur.

Gekk erfiðlega að fá tölur frá SSS um hvað væru margir komnir í hús, fengum bara tölur um hvað margir væru farnir af SSS.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Góðir og gagnlegir fyrirlestrar.

Góð verkleg kennsla.

Frábær skrifborðsæfing sem skilaði sér í góðri stjórn á æfingunni sjálfri.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Fjarskipti á vettvangi tókust vel.
Slökkvistarf gekk vel og við vorum aldrei vatnslausir.

6.2.5 Aðhlyningarstjóri

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Heilsugæsla- lækni	Baldur Friðriksson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Læknir, hjúkrunarfræðingur og aðstoðarfólk

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Söfnunarsvæði slasaðra

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Líkt og á fyrri æfingum er tilhneiging til að fólk sem ekki á endilega erindi inni á SSS safnist þar fyrir -, sérstaklega þegar líður á æfinguna. Plássið inni er lítið og veitir ekki af því fyrir þá starfsemi sem þar á að vera.

Einnig þyrfti að vera einhver staður eða horn (lager fyrir mannskap) þar sem þeir eru sem eru lausir og ekki með hlutverk þá stundina þannig að auðveldara sé að átta sig á hvort vantar fleira fólk eða ekki og hægt að grípa lausar hendur þegar vantar. Fannst stundum vanta fólk til að færa slasaða þó í raun væri nóg af því.

Það eru talsverð þrengsli á móttökusvæðinu og alveg spurning hvort það er ekki of lítið fyrir það starf sem þar á að fara fram. Sjúklingarnir bárust það hratt inn að sumir grænir fóru óskoðaðir í gegn þar sem það var ekki pláss fyrir þá og þá sem áttu að sinna þeim.

Heilbrigðisstarfsfólk var of fátt.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur gekk vel og við heilbrigðisstarfsfólkið vorum td mjög ánægð með skrifborðsæfinguna sem var góður undirbúningur fyrir aðalæfinguna.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Vel gekk að setja upp SSS og skipulagið þar virkaði vel, sjá þó að ofan. RKÍ fólkið stóð sig mjög vel og var mikil hjálp í því á SSS. Eins gekk vel að “flytja “ sj í burtu.

6.2.6 Gæslustjóri

Skýrsla ekki borist frá Gæslustjóra. Hann tók til máls á rýnifundi og má sjá punktanna í kafla 6.4.

6.2.7 Flutningsstjóri

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Flutningsstjóri	Stefán Grímur

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Flutningsstjóri, Aðgerðarstjóri, Vettvangsstjóri, Aðhlyningarstjóri, Gæslustjóri, Björgunarstjóri

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á MÓT og SSS

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningurinn gekk mjög vel, skrifborðsæfingin alveg lykilatriði í því og fátt að segja um það annað en að gefa þarf góðan tíma í þá æfingu og halda vel utan um hana eins og gert var þarna.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Æfingin gekk mjög vel.

En betur hefði mátt skipuleggja leit að seinustu farþegunum, björgunarfólk var ennþá að leita þegar búið var að finna alla og ekki var alveg ljóst hver ætti að kalla það til baka. Rætt var um að á ákveðnum tímamarki hefði átt að skipa leitarstjóra.

Betra skipulag hefði mátt vera á tiltekt og frágang á búnaði að lokinni æfingu. einnig má ítreka það við einingar að merkja eignir vel til að auðvelda frágang og þægindi við að skila því sem óvart getur lent á ranga staði.

Orð eins og Aðhlyningarstjóri, Flutningsstjóri o.s.f.r.v geta verið hálfgerðir tungubrjotar í fjarskiptum án æfingar, veit ekki hvort hægt væri að stytta þetta.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningurinn var finnr, farið var yfir tæki og tól sem ekki allir hafa hönd á reglulega þar sem þetta er stór hópur af fólki sem ekki er með hendurnar í björgunarstörfum dagsdaglega. Má þar tildæmis nefna KET vestið og jafnvel bara það að prufa setja hálskraga á sjúkling.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Þar sem ég var flutningsstjóri fór ég ekki nálægt slysstaðnum sjálfum heldur sendi aðstoðar mann minn þangað og hef því ekki góða sýn yfir allt sem gerðist á æfingunni. En þar sem ég var má segja að:

Umferðarstjórnun á svæðinu hafi verið til fyrirmyndar.

Gæslustjóri stóð sig vel og gekk vel að vinna með honum og halda skipulagi á SSS.

Rauða kross deildin stóð sig vel.

Fjarskiptin gengu vel fyrir sig.

6.2.8 Björgunarsveitir

Skýrsla frá einstaka björgunarsveitum ekki borist.

6.2.9 Rauðikrossinn

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Rauðikross Íslands Vopnafirði	Ólafur Valgeirsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Rauðikross Íslands Vopnafirði, samtals 10 einstaklingar

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Á söfnunarsvæði slasaðra í flugstöðinni á Vopnafjarðarflugvelli

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Líklega hefði undirbúningur æfingarinnar mátt vera betri af okkar hálfu. Ekki voru haldin námskeið í aðdraganda æfingarinnar og tímasetningin skarast við sauðburð, t.d. hjá hluta stjórnar.

Þrátt fyrir gildandi samning um samstarf við slysavarnardeildina Sjöfn fórst það fyrir, líklega vegna þess að ekki var gengið í það mál með nægum fyrirvara.

Örugglega eitthvað sem þarf að laga þar sem innan Sjafnar eru aðilar með gilt fjöldahjálparskýrteini og þær komu með virkum hætti að æfingunni 2010.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Sígilt er að nefna misbrest í samskiptum. Kunnáttuleysi formanns í notkun Tetrastöðvar gerði það að verkum að upplýsingar um komutíma og fjölda einstaklinga frá Rauðakrossinum bárust ekki til aðgerðastjórnar fyrr en í gegn um teljara í hliði.

Af ákveðnum ástæðum var héraðslæknirinn eini heilbrigðisstarfsmaðurinn á söfnunarsvæði slasaðra.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Nokkuð góð mæting var á undirbúningsnámskeið og fundi sem framkvæmdaaðili stóð fyrir í aðdraganda æfingarinnar.

Stjórnin hafði fundað 6. maí og skipulagt aðkomu sína að málinu, skipt með sér verkum og því um líkt. Þannig lá nokkuð ljóst fyrir hver ætlaði að gera hvað þegar til kastanna kom.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Rauðikrossinn bjó svo vel að hafa innan sinna raða hjúrunarfræðing sem tók þegar til starfa með lækni. Þá var í hópnum sjúkraflutningamaður og sjúkraliði sem einnig bættu úr miklum skorti á heilbrigðisstarfsfólki á staðnum.

Hópurinn vann mjög vel og fúlaust og sýndi í heild mjög fagleg vinnubrögð.

Hópurinn skipaði sér tengilið við aðhlyningarstjóra sem jafnframt sá um samræmingu og útdeilingu verkefna til sjálfboðaliðanna á söfnunarsvæðinu. Meiningin var að sá aðili reyndi að hafa yfirsýn yfir litasvæðin og miðla starfskröftum hópsins þangað sem þeir kæmu að mestu gagni á hverjum tíma.

Samskipti við aðhlyningarstjóra voru til fyrirmyndar eins og öll hans störf. Það er augljóst að þetta fyrirkomulag skilar sér mjög vel í framkvæmd.

6.3 Ráðgjafar

Allir verkþáttastjórar ásamt vettvangsstjórn höfðu sér til halds og traust ráðgjafa, ráðgjafar voru staðsettir við hlið verkþáttastjóra og vettvangsstjórnar.

6.3.1 Ráðgjafi Vettvangsstjóra

Skýrsla ekki borist

6.3.2 Ráðgjafi björgunarstjóra

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Slysstaður	Ingimar Eydal Grétar Karlsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Starfsmaður Isavia á BIVO, Brunavarnir Austurlands á Vopnafirði, björgunarsveitir, lögregla.

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Slysstað

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Skoða mætti að boða alla þá sem skrifaðir eru inni áætlunina á æfinguna. Í þessu tilfalli er t.d. Slökkvilið Langanesbyggðar skrifaðir inn í áætlunina en var ekki boðaðir á hana. Haldin var fræðsla fyrir Brunavarnir Austurlands á Vopnafirði 30. apríl en á hana vantaði manninn sem oftast fer á flugvöll á slökkvibíl.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Uppstilling 1. slökkvibíls hefði mátt vera betri, illa gekk að fá vatn á monitor, slökkviliðsmaður sagði það mannleg mistök. Einnig leið nokkur tími þar til til slökkvistarf með handlínu hófst. Draga hefði mátt 1,5“ lögn út í stað háþrýstilagrar. Einnig var dæla ekki rétt stillt þannig að háþrýstingur var ekki á lögninni, lagaðist ekki fyrir en seinna á æfingu þrátt fyrir ábendingu ráðgjafa. Starfsmaður Isavia stoppaði mjög stutt á slysstað, þurfti í turn vegna þyrlukomu. Hefði mátt fylla fyrir á stóra bílinn en þó urðu bílarnir aldrei alveg vatnslausir. Í klippuvinnu vantaði einn stjórnanda og einnig hefði mátt betur standa að því að stablesera bílana. Tóku vel í tilsögn og einnig gekk klippuvinna vel að öðru leyti. Sjúklingar kvörtuðu aðeins um að það hefði mátt tala meira við þá og útskýra hvað var verið að gera. Varðandi leit af sjúklingum þá hefði mátt fá aðila frá björgunarsveitum með sérþekkingu til að stjórna leit.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Haldin var fræðsla fyrir slökkvilið 30. Apríl, hjá mönnum var almennt góð mæting og áhugi.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Flestir virtust vera vel undirbúnir og gengu hreint til verks. Stjórnun björgunarstjóra og aðstoðarmanns gengu vel og voru þeir vel staðsettir og virtust hafa góða stjórn og gott fjarskiptasamband við þá sem voru að vinna á vettvangi. Aðstoðarmaður var vel hreyfanlegur og kom upplýsingum til björgunarstjóra. Bráðaflokkun gekk vel og virtist flestir rétt flokkaðir. Klippuvinna gekk vel þrátt fyrir smá hik í byrjun. Allir björgunaraðilar voru vel búnir, í merktum hlífðarfatnaði og með aðrar varnir, s.s. hjálma og hanska.

6.3.3 Ráðgjafi aðhlyning og fjöldahjálp

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Aðhlyning - fjöldahjálp	Guðjón Svansson og Jón Brynjar Birgisson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Rauði krossinn á Vopnafirði

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Söfnunarsvæði slasaðra.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Ljósbláu vestin voru fullmörg á SSS á tímabili og það hafði truflandi áhrif. Sérstaklega þegar gestir fóru að tala við lausnaraðila.

Kynningar á föstudagskvöldinu voru misgóðar. Stutt og skorinort kynning um fjarskipti kom t.a.m. mun betur út en (of) löng kynning á umgengni við þylur. Þar kom margt fram sem hafði ekkert með sjálfa æfinguna að gera, hefði mátt stytta mikið.

Rauði krossinn á Vopnafirði þarf að bæta við neyðarvarnabúnað sinn, bæði fjarskiptatækjum, sjúkrabúnaði og svokallaðri neyðarvarnatösku.

Sjúklingur var án aðhlyningar á gula svæðinu í of langan tíma.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur okkar með Rauða krossfólkinu á staðnum gekk vel. Fórum vel yfir æfinguna, við hverju mætti búast og svo framvegis. Hefðum kannski mátt gera meir í okkar undirbúningi í því að tala um vægi stjórnanda innan Rauða kross hópsins. Að einhver einn aðili tæki að sér að hafa fulla yfirsýn, útteila verkefnum og færa svo fólk á milli verkefna eftir aðstæðum.

Ráðgjafar Rauða krossins leggja áherslu á að draga sérhæfða fræðslu út úr kvöldfundum yfir í sérstakar fræðslustundir sem reynt er að skeyta við aðra dagskrá.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Rauða kross fólk var bæði fjölmennt á æfingunni og nokkuð vel þjálfað.

Verkaskipting var skýr, stjórnun var góð og starfið allt fuðlaust.

Samskipti Rauða krossins við aðhlyningarstjóra gengu mjög vel. Aðhlyningarstjóri var öruggur og röggsumur. Í raun var til fyrirmyndar þegar hann vísaði gesti sem truflaði æfinguna út fyrir. Það er hollt og gott að geta tekið erfiðar ákvarðanir á æfingum og hlýtur að skila sér inn í raunverulegar aðstæður.

Rauða kross hópurinn stóð sig vel. Einn tók stjórnina og hafði alla þræði í hendi sér. 2-3 voru fengnir í hlutverk sem Rauði krossinn sér venjulega ekki um, en það var vegna reynslu þeirra og menntunar (hjúkrunarfræðingur, sjúkraflutningamaður og sjúkraliði). Það var bara hið besta mál, auðvitað á að nýta hæfileika fólks þegar þess er þörf.

Það var um leið ágætis lærdómur fyrir okkur, við vissum t.d. ekki af hjúkrunarfræðipækkingunni, þyrftum að skrá betur hjá okkur viðeigandi kunnáttu og reynslu Rauða krossfólks í deildum landsins.

6.3.4 Ráðgjafi flutningsstjóra

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Slysavarnafélagið Landsbjörg / Ráðgjafi Flutningsstjóra	Dagbjartur Kr. Brynjarsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Ráðgjafi var staddur nálægt Flutningsstjóra sem var yfirleitt á nálægt NA horni flugstöðvar.

4. Nefnið nokkur <u>atriði</u> sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Það er lærdómur minn af þessari æfingu að betur þurfi að standa að undirbúningi æfing sem þessarar frá hendi SL. Búð er að taka það upp til umræðu innan hópsins sem mannar ráðgjafastöðurnar og er ætlunin að nota næstu æfingu til þess að útbúa gátlista yfir það sem gera þarf fyrir æfingarnar.

Gera þarf ráð fyrir í dagskrá æfingar tíma til þess að fara með verkþáttastjóra á þeirra vettvangssvæði í fylgd ráðgjafa svo að þeir geti áttað sig betur á hvert þeirra hlutverk er og hvernig þeir vilja skipuleggja sig þegar æfingin fer af stað.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Til þess að æfingin sem slík gangi sem best og til að þjálfja samvinnu hópa þá voru utanaðkomandi bjargir komnar á staðinn þegar að æfing hefst. Ég hef fullan skilning á ástæðunni fyrir af hverju það er gert og styð það. Aftur á móti þá gefur það ekki endilega rétta mynd af því hvernig flugslys verður unnið og því spurning hvort að það eigi að standa öðruvísi að því einhvern tímann.

Mikilvægt er að flutningsstjóri minni bílstjóra strax við komu á biðsvæði að gera bílana klára til sjúkraflutnings.

Þegar að farið var að leita að „týndum“ einstaklingum þá hefði að mínu mati vettvangsstjórn átt að skipa leitarstjórnanda sem færi fyrir leitinni. Björgunarstjóri er ennþá að vinna við björgun á vettvangi og því ekki endilega sá besti til þess að fara fyrir þeim þætti. Þá hefur björgunarstjóri oft ekki þá þekkingu sem til þarf. Ég mundi mæla með að einstaklingur úr svæðisstjórn á viðkomandi svæði ætti að halda utan um þennan þátt.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Stór ástæða fyrir því hversu vel æfingin gekk er að mínu mati það að skrifborðsæfingin var endurtekin aftur og aftur. Þá var einnig mjög gott að byrja auðveldlega og þyngja svo skrifborðsæfinguna aðeins í hvert sinn. Fyrir vikið lærðu verkþáttastjórar hvert þeirra hlutverk væri og náðu að setja sig inn í þær aðstæður sem þeir eiga von á.

Flutningsstjóri og aðstoðarmaður hans voru mjög áhugasamir um hvert þeirra hlutverk var og hvers var ætlast til af þeim. Ráðgjafi fór með þá á flugvöllinn kvöldið fyrir æfingu þar sem að farið var yfir hvernig hann vildi hafa flæði bjarga ásamt því hvar og hvernig hann vildi haga skráningu.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Æfingin gekk að mínu mati FRÁBÆRLEGA. Allir voru innstilltir á hvert þeirra verkefni væri og hvernig þau vildu keyra sinn málaflokk.

Flutningsstjóri og aðstoðarmaður hans stóðu sig frábærlega og voru til mikillar fyrirmyndar. Tilbúnir til að taka að sér verkefnið og námsfúsir. Flutningsstjóri gaf bein og skýr fyrirmæli og stýrði sínu fólki mjög vel.

Heimamenn eiga skilið stórt klapp á bakið eftir þessa æfingu!

6.3.5 Ráðgjafi gæslustjóra

Skýrsla ekki borist, sjá kafla 6.4 fyrir rýni AVD

6.3.6 Ráðgjafi vettvangsstjórnar

Skýrsla ekki borist, sjá kafla 6.4 fyrir rýni AVD

6.3.7 Leikarar og förðun

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Leikarar og förðun	Vigdís Agnarsdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
ISAVIA

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Í Leikaramiðstöð, á vettvangi og í SSS.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Leikarar báru björgunarmönnum flestum vel söguna og sögðu að það hefði verið farið vel með þau og en hjá sumum vantaði uppá að það væri útskýrt fyrir þeim hvað væri verið að gera, sérstaklega í klippuverkefninu. Þar hefðu þau viljað að slökkviliðsmenn hefðu talað

meira við þau og útskýrt hvað þeir væru að fara að gera. Þeim brá til dæmis verulega þegar byrjað var að höggva gat á toppinn á bílnum með atgeir þar sem þau vissu ekki hvað til stóð.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur fyrir þennan þátt æfingarinnar fór fram í samráði við Hjört Davíðsson lögregluvarðstjóra en hann var tengiliður heimamanna í æfingunni. Vel var staðið að undirbúningi, Hjörtur var búinn að ganga frá flestu því sem þurfti og annað kláruðum við í sameiningu.

Leikarakynning fór fram í Grunnskólanum á Vopnafirði á föstudagskvöldinu. 13 einstaklingar mættu tilbúnir til þess að leika sjúklinga. Ása Sigurðardóttir kennari mætti líka og var tilbúin til að aðstoða við förðun og eftirlit með leikurum. Leikarakynningin gekk vel og aðstaðan til kynningar var mjög góð.

Strax í kjölfar leikarakynningar var ég með slysaförðunarnámskeið, þar sem aðeins einn aðili hafði gefið sig fram í þetta hlutverk þá bauð ég krökkunum sem ætluðu að leika sjúklinga að taka þátt og vera með í förðuninni. Við færðum okkur um set niður í kaffistofuna í gamla frystihúsinu sem átti að vera leikaramiðstöðin daginn eftir. Þar tókum við fram förðunardótið og allir fylgdust spennir með.

Byrjað var að undirbúa förðunina um klukkan 8 en leikarar mættu klukkan 8:30. Þau voru þínu feimin til að byrja með að taka þátt í förðuninni en það lagaðist er á leið. Dagbjartur Brynjarsson frá Landsbjörg kom og aðstoðaði við skráningu leikaranna og úthlutun áverkalýsinga í samvinnu við mig. Það var mjög gott þar sem ég var föst í förðuninni að miklu leiti. Bjarni Sighvats frá ISAVIA mætti líka til að tryggja að allt væri í lagi og ekkert vantaði. Friðrik í Hlíð mætti með morgunmat fyrir leikara og sá um að allir fengju að borða fyrir æfingu. Hann fær bestu þakkir fyrir snúningana og hugulsemina.

Samvinna við Ingimar og Grétar frá ISAVIA varðandi uppsetningu vettvangs skilaði sér mjög vel í því að það gekk fljótt og vel að koma leikurum fyrir í sínum stað þar sem búið var að ákveða það að stórum hluta fyrirfram.

14 leikarar mættu á æfinguna, hefðu mátt vera aðeins fleiri en þetta slapp til. Leikarar voru mjög ánægðir með æfinguna og fannst mjög skemmtilegt að taka þátt. Veðurspáin bauð ekki upp á gott veður og við vorum því búin að undirbúa okkur undir úrhellisrigningu eða slyddu. Ekki reyndist vera úrkoma en það var kalt og hvasst. Við prófuðum í fyrsta sinn að nota bóluplast til að setja undir leikara til að einangra frá kuldanum. Það gekk alveg ljómandi vel

og ég held að þetta sé frábær lausn á þessum vanda til að halda hita á leikurum í slæmu veðri.

Leikarar báru björgunarmönnum flestum vel söguna og sögðu að það hefði verið farið vel með þau og en hjá sumum vantaði uppá að það væri útskýrt fyrir þeim hvað væri verið að gera, sérstaklega í klippuverkefninu.

Kærar þakkir til Hjartar Davíðssonar, Ásu Sig. og Friðriks fyrir að vera boðin og búinn til að redda öllu því sem þurfti með brosi á vör.

Takk fyrir okkur.

Vigdís Agnarsdóttir

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Á þessari æfingu var rúta fyrir leikara klár á réttum tíma við leikaramiðstöð, einnig gekk mjög vel að koma leikurum út í rútu frá SSS þegar þeirra hlutverki var lokið og aldrei kom upp misskilningur á þann veg að nota rútna undir sjúklinga á æfingunni eins og stundum hefur gerst.



Mynd 7. Björgunarsveitarmenn að störfum. Mynd: Friðfinnur Fr. Guðmundsson

6.4 Rýnifundur

Rýnifundur var haldin í lok æfingar í félagsheimilinu á Vopnafirði.

Fundurinn var tekin upp og er hér um endursögn þessarar upptöku að ræða.

Æfingastjóri fór yfir gang æfingarinnar og sagði flæði sjúklinga frá vettvangi á SSL ganga vel. Reynst hafi vel að nota lækni í aðhlyningu en ekki

sem stjórnanda, það væri til eftirbreytni. Hann sagði æfinguna hafa gengið vel fyrir sig í heild sinni.

Verkþáttastjórar komu upp og fóru yfir sína verkþætti flestar skýrslur eru hér að ofan og óþarfi að endurtaka það sem þegar hefur komið fram hér að ofan en punktar annarra sem ekki hafa skilað skýrslu er að finna hér að neðan.

6.4.1 Vettvangsstjóri.

Sagði staðsetningu vera betri í turni en í bíl á vettvangi

Of mikið talað í talstöðvar á vettvangi.

Það tókst að lenda „pappírsvél á vellinum án þess að vettvangsstjórn vissi.

Verkbáttastjórar stóðu sig afar vel.

6.4.2 Björgunarstjóri

Ekki tekið áður þátt í svona stóru verkefni

Fjarskipti á brautarenda gengu vel

Tók nokkurn tíma að fá endanlega tölu og hvort það vantaði einhvern

Ekki með mikla reynslu í leitarstjórnun en leit tókst ágætlega.

Ekki nein stórvandamál og gekk vel

6.4.3 Aðhlyningarstjóri

Fannst ganga vel

Spilað var úr því sem var til staðar sem var einn læknir og einn hjúkrunarfræðingur og gekk það vel

Talað var um það að þeir sem ekki væru merktir væru hluti af æfingunni. Aðhlyningarstjóri vísaði einum slíkum af söfnunarsvæði.

6.4.4 Gæslustjóri

Ekki mikið áreiti.

Var staðsettur á slysstað með fulltrúa í flugstöðinni

Allir unnu sína vinnu vel

Fannst leit fara seint af stað, það vantaði þrjá farþega.

Fjarskiptin gengu vel að mati gæslustjóra

Rýming á flugbraut einhverjum fannst að þeir ættu að vera staðsettir annarstaðar en það var meðvituð ákvörðun að þeir væru staðsettir svona.

Söfnunarsvæði slasaðra þar gekk allt smurt

Tveir sjúklingar voru með raunveruleg greiningarspjöld sem ruglaði aðeins kerfinu.

Ekki var gæsla við söfnunarsvæði látinna en það hefði verið gert í raunveruleikanum

Æfingin gekk í heildina afar vel að mati gæslustjóra.

6.4.5 Flugvallarþjónusta

Ýmislegt sem betur mátt fara eins og gengur og gerist, gekk í heildina samt vel.

Meiri friður í talstöðinni en á fyrri æfingum

Boðun frá 112 hefði mátt koma eitthvað fyrr

6.4.6 Flutningsstjóri

Samskipti við aðra gengu vel

Gekk vel að halda utan um bjargir

Rauðakross deildin Vopnafirði

Gekk vel að því sem að rauðakrossinum snéri

Vinnubrögð fumlauð og gengu smurt.

Hróðar aðhlyningarstjóra fyrir gott samstarf á æfingunni

6.4.7 Ráðgjafi aðhlyningarstjóra

Hróðar þeim sem komu að aðhlyningu á æfingunni og samstarfið hafi verið gott

Notað voru raunverulek greiningarspjöld á tvo aðila en ekki æfingarspjöld

Mikilvægt er að leitað sé vel að greiningarspjöldum á sjúklingum áður en ný spjöld séu sett á, því það veldur ruglingi í talningu ef önnur númer eru sett á sjúklinga.

6.4.8 Ráðgjafi leikara

Sjá skýrslu

6.4.9 Ráðgjafi flutningsstjóra

Sjá Skýrslu

6.4.10 Kvikmyndahópur

Ánægður með samstarfið

Fannst sem áhorfanda björgunarmenn mættu leika betur á móti sjúklingum sem stóðu sig vel í leik sínum.

6.4.11 Slökkviliðstjóri Brunavarna Fljótsdalshéraðs

Boðun frá neyðarlínu 10.58 í sinn síma sem var slökkvilið á Héraði en slökkviliðið á Vopnafirði fékk seinast boð í þessari boðun neyðarlíðunar.

6.4.12 AVD

Þakkar samstarfið við undirbúning æfingarinnar undanfarna mánuði. Sagði vinnuna hafa gengið afar vel á æfingunni og öguð vinnubrögð hjá öllum aðilum.

6.4.13 Hjúkrunarfræðingur

Finnst alveg magnað að það séu svona margir sem séu tilbúnir til að koma á svona æfingu án þess að fá nokkuð borgað og þakkaði einnig þeim sem komu á Vopnafjörð við að aðstoða við undirbúning og framkvæmd æfingarinnar.



Mynd 8. Í lok æfingar. Mynd: Friðfinnur Fr. Guðmundsson

6.5 Samantekt lærdóms flugslysaæfingarinnar

Listi þessi á að hjálpa þátttakendum að vinna úr æfingunni, þess ber þó að geta að rýnipunktarnir eru hlutlægt mat þátttakenda og tillögur að útbótum koma frá æfingastjórn ásamt mati á eignarhaldi og mikilvægi.

Rýnipunktur	Tillaga að úrbótum	Eigandi	Mikilvægi
Hnökrar á slökkvistarfi í fyrstu viðbrögðum	Meiri þjálfun á tæki á búnað, fleiri æfingar	Brunavarnir Fljótsdalshérað, Isavia	Rautt
Þröngt um vettvangsstjórn í turni	Dreifra störfum VST einnig niður	Isavia, Vettvangsstjóri (bjargir).	Gult
Mikilvægt að allt heilbrigðisstarfsfólk óháð vinnustað sé þátttakandi í viðbragðsáætlunum og æfingum.	Skrifa heilbrigðisstarfsfólk inn í áætlanir miðað við núverandi starfsfyrirkomulag. Tryggja þátttöku í æfingum	Lögreglan, bæjaryfirvöld, Heilbrigðisstofnun.	Rautt
Æfa leitarfasann á skrifborðsæfingunni	Setja leitarþáttinn inn í skrifborðsæfinguna	Isavia, AVD	Gult
Boð frá neyðarlínu bærust seint	Heima einingar fá boð fyrst í boðunardeðu	112	Gult
Betri þekking á skipulagningu og framkvæmd leitar vantar.	Auka þekkingu björgunarstjóra eða nota aðra sem þekkingu hafa til að skipuleggja.	Björgunarstjóri	Gult
Vöntun á upplýsingum hvað margir höfðu komið í SSS	Skrifast á vanþekkingu á fjarskipti.	Rauðikrossinn, Isavia og AVD	Grænt
Fólk sem ekki á erindi safnast fyrir í SSS	Gestir séu meira á ferðinni og þeir safnast ekki saman í SSS. Skrifast á pláss leysi í SSS að einhverju leiti.	Isavia	Gult
Vöntun á mannskap í SSS	Betri samskipti verkþáttastjóra AHLS og FLST	Vettvangsstjóri	Rautt
Þrengsli á SSS	Hægt væri að huga að því að eignast tjald fyrir framan inngang í til að stækka SSS	Isavia	Gult
Nöfn verkþáttastjóra tungubrjótur í fjarskiptum	Huga að því hvort hægt væri að stytta nöfn verkþáttastjóra	AVD skoðar	Grænt
Undirbúningur Rauðkrossins mátt vera betri	Spurning með hvaða hætti höfuðstöðvar koma inn í undirbúning deilda.	Rauðikrossinn	Gult
Gildandi samningur við Kvennadeildina Sjöfn var ekki virkjaður	Kvennadeildir eru á sumum stöðum afar öflugt afl og hugsanlega hægt að auka samstarf.	Rauðikrossinn og SL	Gult
Vöntun á þekkingu á TETRA gerði það að	Hver starfseining þarf að tryggja að allir	Allir	Gult

verkum að fjöldi sem komin var í SSS komst ekki út.	fulltrúar hennar þekki vel þau fjarskipti sem á að far að nota		
Ekki voru allir boðaðir til æfingarinnar sem eru í áætluninni	Skoða hverja er raunhæft að hafa í áætluninni og tryggja boðun þeirra aðila	AVD og Isavia	Grænt
Vantaði stjórnanda í klippivinnu	Verklag slökkviliðs þarf að bæta hvað þetta varðar eða að stjórnandi hafi ekki verið virkur.	Slökkvilið Fljótshéraðs, Björgunarstjóri	Gult
Vantaði að stabilisera bíflök betur	Verklag slökkviliðs þarf að skoða og eða auka æfingar.	Slökkvilið Fljótshéraðs, Björgunarstjóri	Rautt
Áhorfendur eiga ekki að eiga óþarfa samskipti við útlausnaraðila	Leggja línurnar við áhorfendur fyrir æfingu	Isavia	Gult
Kynningarerindi eiga að vera stutt og hnitmiðuð	Fara yfir þau erindi sem haldin verða með það að markmiði að þau séu hnitmiðuð og vönduð.	Isavia, AVD, ráðgjafar.	Gult
Rauðikrossinn þarf að bæta búnað sinn, bæði fjarskiptabúnaði ,sjúkrabúnaði og neyðarvarnartösku	Skoða þarf möguleikann á því að bæta þennan búnað.	Rauðikrossinn.	Gult
Skrá þekkingu og getu aðila innan sjálfboðaliða, með tilliti hvort þeir nýtist í önnur störf	Hver og einn ætti að vera með skráð eða hafa í huga aðra þekkingu sinna félagsmanna, þekkingu sem gæti nýst í atburðum sem þessum.	Allir	Grænt
Skipulag Slysavarnafélagsins Landsbjargar sem félags mætti vera betra í aðdraganda æfinga	Hópurinn sem stendur að skipulagi hefur hist og er með áætlanir um að gera betur í þessum efnum.	Slysavarnafélagið Landsbjörg.	Gult
Gera ráð fyrir í dagskrá að verkþáttastjórar skoði sín starfssvæði í fylgd ráðgjafa með það að markmiði að menn átti sig betur á aðstæðum.	Bæta inn í skipulag	Isavia og AVD	Gult
Uppsetning æfinga	Meðvituð ákvörðun á	Ekki þörf á úrlausn	Grænt

gefur ekki glögga mynd af þeim björgum til taks eru á fyrstu stigum aðgerðar.	æfingunum þar sem markmiðið með þeim er að æfa samvinnu og kerfið sem slíkt.		
Mikilvægt er að bílstjórar geri bíla strax klára í sjúkraflutninga	Flutningsstjóri minnst á þetta við ökumenn þegar þeir koma.	Flutningsstjóri.	Rautt
Tala meira við sjúklinga, sérstaklega varðandi úrlausn klippivinnu.	Kemur að fyrri punkt um að hugsanlega vantaði stjórnanda yfir klippivinnu.	Slökkvilið Fljótsdalshéraðs. Björgunarstjóri	Gult
Mikið talað í talstöð á vettvangi	Misvísandi upplýsingar um þennan þátt einn seigir að lítið hafi verið talað meðan annar talar um að of mikil hafi verið talað	Ekki þörf á úrlausn en mikilvægt að halda þessari umræðu vakandi á komandi æfingum.	Grænt
Betra upplýsingaflæði þarf að vera þegar verið er að lenda á vellinum við Vettvangsstjóra, þó að um pappírsvél sé að ræða	Hugsanlega æfingalegs eðlis þar sem um pappírsvél var að ræða en mikilvægt að vettvangur viti um landingar og flugtök á vellinum.	Isavia	Gult
Ekki mikið áreiti á Gæslustjóra	Setja upp handrit þannig að allir verþættir fái viðeigandi áreiti	Isavia og AVD	Gult
Leita vel að greiningarspjöldum áður en önnur eru sett á.	Minnast á í fræðslu.	LSH	Gult
Þátttakendur leiki meira á móti sjúklingum	Fara yfir á fræðslu fundum.	LHS og Isavia	Gult